



Alþingi
Erindi nr. P 139/735
komudagur 7.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2010

1011010SA TP/gb
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um ríkisábyrgðir, 187. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál er sent Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Tílefni frumvarpsins er ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, sem tekin var í framhaldi af rannsókn á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar (LV) og Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Eru tvö önnur þingmál flutt samhliða ofangreindu frumvarpi þar sem komið er fram breytingum á sérlögum sem gilda um þessi tvö orkufyrirtæki (188. mál og 205. mál). Markmið þess frumvarps, sem hér er til umsagnar er hins vegar að breyta þeim almennu reglum sem gilda um ábyrgðargjald af skuldbindingum opinberra aðila sem ríkisábyrgð er fyrir.

Umrædd ákvörðun ESA felur í sér tilmæli til Íslenskra stjórnvalda um að grípa til ráðstafana þar sem ótakmörkuð ríkisábyrgð á skuldbindingum OR og LV geti talist óheimil ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Forsendur ákvörðunarinnar eru skýrlega bundar við umrædd tvö orkufyrirtæki og þá staðreynd að bæði fyrirtækin starfa að verulegu leyti á samkeppnismarkaði. Auk þess er byggt á því að viðskipti innan raforkugeirans á EES-svæðinu eigi að vera án aðgangshindrana. Er ríkisábyrgð sem nær til allrar starfsemi LV og OR talin hafa tvöföld áhrif á samkeppni og viðskipti.

Af hálfu sambandsins hefur frumvarpið verið skoðað út frá því sjónarhorni hvort tilvitnuð ákvörðun ESA gefi tílefni til breytinga á þeim almennu reglum sem gilda um ábyrgðargjaldið. Er þá haft í huga hvaða áhrif slík breyting kunni að hafa á sveitarfélögin og íbúa landsins almennt.

Sambandið gerir verulegar athugasemdir við að lögum um ríkisábyrgðir sé breytt með almennum hætti, eins og lagt er til í frumvarpinu og þannig að hærra ríkisábyrgðargjald sé lagt á stofnanir sem umrædd ákvörðun ESA fjallar með engum hætti um. Er þar vísað til þess að að breytingu á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, mun fyrirsjáanlega taka til Bygðastofnunar og Ríkisútvarpsins, auk Rafmagnsveitna ríkisins. Á það er einnig bent að ekki virðist hafa verið viðhaft samráð við þessar stofnanir við undirbúning málsins.

Bæði Bygðastofnun og Ríkisútvarpið reka starfsemi sem telst til almannaþjónustu og varðar því almennt íbúa alls landsins. Auknar álögur á starfsemina, svo sem með hærra ríkisábyrgðargjaldi, hafa neikvæð áhrif á getu stofnananna til að sinna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og í tilvikum



Byggðastofnunar hlýtur frumvarpið að leiða til þess að fé sem stofnunin lánar til fyrirtækja verði á hærri vöxtum en áður.

Ekki verður séð að ákvörðun ESA beinist á nokkurn hátt að Byggðastofnun og Ríkisútvarpinu, enda er ljóst að þessar stofnanir verða ekki lagðar að jöfnu við opinber fyrirtæki í orkugeiranum. Aðgreining í þessu efni er mikilvæg þar sem viðurkennt er í Evrópurétti (þ.e. tilskipunum ESB um ríkisaðstoð) að líta megi sérstaklega til þess ef stuðningur, m.a. með ríkisábyrgðum, er veittur til svæðisbundinnar þróunar (regional aid). Þá er einnig athugunarefni hvort þær reglur um tímabundnar ívilnanir í kjölfar efnahagsáfalla sem í gildi hafa verið frá árinu 2009, kunni með einum eða öðrum hætti að verða framlengdar, en í þeim reglum er gert ráð fyrir því að lækka megi ríkisábyrgðargjöld þegar sérstaklega stendur á.

Fram kemur í skýringum við annað frumvarp sem tengist þessu máli, um breytingu á lögum nr. 139/2001, um OR (þingmál nr. 205), að haft hafi verið samráð við fyrirtækið við gerð og undirbúning frumvarpsins. Þrjú sveitarfélög eru eigendur OR, þ.e. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð, og treystir sambandið því að hagsmuna þeirra, sem eigenda hafi þar með verið gætt eins og vera ber. Sé það mat eigenda að umræddar lagabreytingar séu eðlileg viðbrögð við ákvörðun ESA gerir sambandið út af fyrir sig ekki athugasemd við að þær lagabreytingar nái fram að ganga en áréttar þó að eingöngu er ástæða til þess að sú lagabreyting taki til þess hluta starfsemi OR sem snýr að raforkuframleiðslu. Jafnframt verður að telja eðlilegt að breytingin taki jafnframt til Rafmagnsveitna ríkisins, að því marki sem ríkisábyrgð hefur áhrif á starfsemi þess fyrirtækis á samkeppnismarkaði.

Sambandið leggur því til að breyting á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, verði einskorðuð við opinber orkufyrirtæki, sem starfandi eru á samkeppnismarkaði.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri